



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík: 23. okt 2020
Tilvísun: 202010-0025

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um tekjufallsstyrki

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um tekjufallsstyrki. Verði frumvarpið samþykkt gætu litlir rekstraraðilar og sjálfstætt starfandi einstaklingar átt rétt á tekjufallsstyrkjum að uppfylltum vissum skilyrðum.

Ljóst er að þörf er á slíku úrræði hjá ákveðnum hópum sem hafa orðið fyrir tekjufalli af völdum áhrifa útbreiðslu Covid-19. Þar má sérstaklega nefna aðila sem hafa ekki val um ráðningarform og starfa í svokallaðri gerviverktöku. Nánar tiltekið er átt við þegar reynt sé að fara á svig við reglur vinnuréttarins með því að undanskilja sig frá ákvæðum laga um réttindi og skyldur aðila á vinnumarkaði. Sérstaklega er áberandi að reynt er að ráða fólk til starfa sem verktaka eða sjálfstætt starfandi og er þá tilgangur atvinnurekandans að jafnaði sá að sleppa við að greiða laun skv. kjarasamningum og launatengd gjöld, losna undan ábyrgð og skyldum gagnvart hinu opinbera og undan skyldum kjarasamninga t.a.m. um veikindi, orlof o.fl. Milli aðila er þá ekki gerður hefðbundinn ráðningarsamningur heldur einhvers konar verksamningur að forminu til þrátt fyrir að slíkur samningur hafi öll einkenni ráðningarsamnings enda er um að ræða samning sem byggist á persónulegu vinnuframlagi og einstaklingur hefur lítið sem ekkert svigrúm til að stýra verkinu sjálfur, stýra tíma sínum eða framselja eigið vinnuframlag. Réttarstaða þeirra sem starfa skv. ólöglegum verktakasamningum er því gjörólik réttarstöðu launafólks. Verktakar njóta ekki þeirra lágmarkskjara sem samið er um á vinnumarkaði, fá ekki laun fyrir viðurkennda frídaga, fá ekki greitt orlof og njóta takmarkaðra slysatrygginga svo eitthvað sé nefnt. Jafnframt eiga þeir ekki rétt á greiðslu launa úr Ábyrgðasjóði launa ef svo ber undir og réttur til atvinnuleysisbóta getur verið takmarkaður enda er það langt í frá svo að allir sem starfi sem verktakar sé með nægileg háar tekjur til að geta reiknað sér ásættanleg laun. Það eru einstaklingar sem gjarnan eru umbjóðendur aðildarféлага ASÍ og eiga eins og segir engra annarra kosta völ en að starfa sem svokallaðir gerviverktakar og/eða einstaklingar í óhefðbundnu ráðningarsambandi. Hvað þann hóp varðar er tilkomu frumvarpsins fagnað enda hafa þau úrræði sem gripið hefur verið til undanfarin misseri í tengslum við efnahagsþrengingar ekki komið til móts við þá.

Frumvarpið varpar því ljósi á brotalamir á íslenskum vinnumarkaði þar sem starfsfólki er komið undan hefðbundnum ráðningarformum. Ástandið nú krefst þess að gerður sé gangskör í upprætingu ólögmastra ráðningaforma.

Þá verður ekki hjá því komist að benda nefndinni á alvarlegar brotalamir í núverandi regluverki um reiknað endurgjald og skattlagningu litilla fyrirtækja. Hafi sjálfstæðir atvinnurekendur reiknað sér endurgjald í takt við gildandi lög eiga þeir rétt á atvinnuleysisbótum frá Vinnumálastofnun¹. Í núverandi kerfi má hins vegar finna hvata til að komast hjá skattareglum með því að reikna lágt endurgjald. Sú aðgerð getur þó takmarkað réttindi til atvinnuleysistrygginga og úr fæðingarorlofssjóði svo dæmi séu nefnd. Þessir hvatar eiga að vera stjórnvöldum vel kunnugir. Bæði voru þeir kortlagðir

¹ Sjá nánar <https://vinnumalastofnun.is/atvinnuleitandi/rettur-til-atvinnuleysisbota/sjalfstaett-starfandi>



í skýrslu AGS frá árinu 2012² og nú síðast af sérfræðingahópi á vegum Fjármálaráðuneytisins³. Í skýrslu Fjármálaráðuneytisins er beinlínis sagt að það „*virðist blasa við að misbrestur sé á því að skylda til að reikna sér laun vegna rekstrarins sé að fullu virt*“.

ASÍ leggst ekki gegn samþykkt málsins en telur nauðsynlegt að fyrirkomulag reiknaðs endurgjalds verði endurskoðað í kjölfarið þannig að koma megi í veg fyrir að einstaklingar lendi utan kerfa og verndar tryggingakerfa vinnumarkaðarins. Jafnframt telur ASÍ eðlilegt að sett verði sambærileg skilyrði og í lögum um hlutabætur sem takmarka úthlutun arðs þrjú ár eftir styrkveitingu.

Fyrir hönd ASÍ,

Róbert Farestveit
Hagfræðingur

Halldór Oddsson
Lögfræðingur

² Sjá nánar <https://www.imf.org/en/Publications/WP/Issues/2016/12/31/Allocating-Business-Income-between-Capital-and-Labor-under-a-Dual-Income-Tax-The-Case-of-40078>

³ Sjá nánar <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=1e217960-3912-11e9-9432-005056bc530c>